

## Kæru nemendur og aðstandendur á miðstigi.

Nú er sumarfríð senn á enda og skólasterfið að hefjast. Skólasetning verður á skólalóðinni fimmtudaginn 22. ágúst klukkan 16:15. Venja er að skólasetning fari fram í Björnslundi en þar sem vorhátíðin í lok síðasta skólaárs féll niður verður nú „síðsumarshátíð“ í samstarfi við foreldrafélagið í staðinn.

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá föstudaginn 23. ágúst klukkan 8:30. Brautarholt opnar klukkan 8:00 á morgnana. Fyrsta daginn munu nemendur hitta umsjónarkennara sína og koma sér fyrir í sínu rými. Nemendur fá kynningu á námsefni vetrarins og fá afhend námsgögn.

Eins og síðustu skólaár fá nemendur ritföng og stílabækur frá Reykjavíkurborg og þeim verður dreift á fyrstu dögnum. Þessi gögn eru ætluð til afnota í skólanum og því mikilvægt að vera með önnur ritföng heima. Við viljum benda á að nemendur þurfa að passa vel upp á námsgögnin sín því þeim er einungis útdeilt í upphafi skólaárs. Einnig viljum við minna á að nauðsynlegt er að merkja allar eigur mjög vel.

Fyrstu dagar skólaársins eru öllum mjög mikilvægir. Nemendur fá tækifæri til að kynnast hver öðrum og starfsfólkinu sem mun starfa með þeim í vetur.

Nemendafjöldi á miðstigi verður tæplega 180 og öll kennsla fer fram í Brautarholti, nema listir, íþróttir og sund. **Íþróttir verða á þriðjudögum ásamt því að á mánudögum verða aukatímar sem skiptast á milli árganga og sunnið á föstudögum (sjáið nánar á blaði frá íþróttakennurum).**

Við vonum innilega að allir hafi átt gott sumarfrí og komi endurnærðir til baka. Hlökkum til samstarfsins í vetur.

### Kveðja miðstigsteymið



**Fremri röð frá vinstri:** Líska M. Kristjánisdóttir, Íris Arnarsdóttir, Ásta K. Lúðvíksdóttir, Aldís Þorvaldsdóttir og Edda R. Guðmundsdóttir.

**Aftari röð frá vinstri:** Nicolai G. Lanz, Valdís S. Valbergsdóttir, Elsa K. Guðmundsdóttir, Helga Bogadóttir, Ylfa G. Sigurðardóttir, Sigrún V. Ferdínandsdóttir, María B. Ólafsdóttir, Kristófer D. Baldursson og Brynhildur Veigarsdóttir.

**Stuðningsfulltrúar miðstigs:** Bjarki P. Jónsson, Jóhann B. Jóhannesson og Karlotta Ó. Sigurðardóttir.